

Fréttatilkynning – Kaup á nýju bókasafnskerfi

Landskerfi bókasafna hf. 12. júní 2019

Landskerfi bókasafna hf. hefur undirritað samning við Innovative Global Interfaces Ltd. um kaup á nýju bókasafnskerfi. Kerfið mun koma í stað hugbúnaðar sem bókasafnskerfið Gegnir byggir á í dag.

Gegnir er alhliða bókasafnskerfi sem nýtist í helstu rekstrarþáttum bókasafna þar með talin útlán, aðföng, bókfræðiskráning, umsjón tímarita og millisafnalán. Langflest bókasöfn landsins eru aðilar að Gegni eða alls um 300 bókasöfn. Gegnir þjónustar allar gerðir safna, almenningsbókasöfn, háskóla-, framhaldskóla- og grunnskólabókasöfn, sérfræðibókasöfn auk Landsbókasafns Íslands. Í Gegni er sameiginleg skrá yfir upplýsingar um alla titla í kerfinu á landsvísu og safnkost einstakra bókasafna og útlán hans. Almennungur hefur aðgang að þessum upplýsingum í gegnum safnagáttina leitir.is.

Nýja bókasafnskerfið mun auðvelda umsýslu, jafnt raunefnis sem rafræns efnis hjá bókasöfnunum og bæta aðgengi landsmanna að því. Hægt verður að koma til móts við fjölbreyttar þarfir safna. Öryggi við vinnslu persónuupplýsinga verður tryggt. Nýir möguleikar verða í boði fyrir lánþega til að afgreiða sig sjálfir, svo sem við útlán á efni, endurnýjun lánþegaskírteina, til að inna af hendi greiðslur og fleira. Stefnt er að því að nýi Gegnir verði tengdur öðrum kerfum svo sem nemendakerfum skóla á öllum skjólastigum. Samþætting við önnur kerfi stuðlar að meiri sýnileika bókasafnanna og bætir þjónustu við lánþega. Kerfið var valið að undangengnu útboði á Evrópska efnahagssvæðinu og til grundvallar því lá ítarleg kröfulýsing sem var unnin í í samstarfi við bókasöfnin. Stefnt er að innleiðingu nýja Gegnis á árinu 2020.

Á meðfylgjandi ljósmynd eru frá vinstri talið: Brad Rogers umsjónarmaður kerfisinnleiðingar hjá Innovative, Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna hf. og Colin Carter sölustjóri Innovative í Evrópu.

Landskerfi bókasafna hf.

er hlutafélag sem var stofnað árið 2001 um rekstur sameiginlegs kerfis fyrir íslensk bókasöfn. Félagið stofnuðu ríkið og 26 sveitarfélög. Í dag eru hluthafar tæplega 60 talsins og eru ríkissjóður og Reykjavíkurborg stærstir hluthafa. Tilgangur félagsins er að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi og veita söfnunum tengda sérfræðiþjónustu

Félagið hefur umsjón með rekstri eftirfarandi upplýsingakerfa:

- Gegnir, bókasafnskerfi á landsvísu
- Leitir.is sem veitir upplýsingar um og aðgang að margs konar vísinda-, fræðslu- og afþreyingarefni frá íslenskum bóka-, ljósmynda-, lista- og minjasöfnum
- Rafbókasafnið, rafbókasafnið.is þar sem hægt er að fá lánaðar rafbækur og hljóðbækur
- Menningarsögulega gagnasafnið Sarpur og sarpur.is

Innovative Interfaces

er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í gerð upplýsingakerfa fyrir bókasöfn og viðskiptavinum þeirra og er leiðandi á því sviði. Kerfi þeirra eru í notkun víða um heim hjá fjölmörgum bókasöfnum.

Tengill á fréttatilkynningu frá Innovative fyrr á árinu, <https://www.iii.com/media/consortium-of-icelandic-libraries-selects-innovative-for-national-ils-solution/>